



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

Eftirlitsnefnd með
fjármálum sveitarfélaga

stjornarradid.is

Hafnarfjarðarbær b.t. bæjarstjórnar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Reykjavík 28. febrúar 2023

Tilv.: IRN23010113/4.11.1

Efni: Fjárhagsáætlun 2023

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) hefur yfirfarið fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2023. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 uppfyllir sveitarfélagið ekki öll lágmarksviðmið eftirlitsnefndar fyrir A-hluta samkvæmt neðangreindri töflu.

Lágmarksviðmið

Skuldahlutfall - nettó skuldir sem hlutfall af tekjum	50%	100%	150%	200%	250%
Framlegð sem hlutfall af tekjum	5,0%	10,0%	15,0%	20,0%	25,0%
Rekstrarniðurstaða	> 0	> 0	> 0	> 0	> 0
Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	2,5%	5,0%	7,5%	10,0%	12,5%
Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána og skuldbindinga	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0
Ný lántaka / fjárfesting sem hlutfall af skuldum	5,0%	5,0%	5,0%	2,5%	0,5%
Endurgreiðslutími skulda	20 ár	20 ár	20 ár	20 ár	20 ár
Veltufjárhluftfall	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0
Viðmið vaxta	5,0%	5,0%	5,0%	5,0%	5,0%

Í töflunni fyrir neðan má sjá rekstrarniðurstöðu, framlegð og veltufé frá rekstri fyrir sveitarfélagið samkvæmt fjárhagsáætlun 2023, ásamt lágmarksviðmiði EFS miðað við nettó skuldir í hlutfalli við tekjur.

A-hluti	Nettó skuldir sem hlutfalli af tekjum	Rekstrar-niðurstaða	Framlegð		Veltufé frá rekstri	
			Lágmarks-viðmið	Samkvæmt fjárhags-áætlun 2023	Lágmarks-viðmið	Samkvæmt fjárhags-áætlun 2023
Sveitarfélag	Samkvæmt fjárhags-áætlun 2023	Samkvæmt fjárhags-áætlun 2023	Lágmarks-viðmið	Samkvæmt fjárhags-áætlun 2023	Lágmarks-viðmið	Samkvæmt fjárhags-áætlun 2023
Hafnarfjörður	110,0%	1,5%	11,0%	8,9%	5,5%	10,4%

Þrátt fyrir bráðbirgðaaákvæði VII í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 þar sem sveitarstjórn er heimilt að víkja frá skilyrðum um jafnvægisreglu og skuldareglu út árið 2025 vill EFS benda sveitarstjórn á að árið 2026 þarf að uppfylla framangreind skilyrði.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á fjárhag sveitarfélags og skal gera EFS viðvart telji hún að fjármál sveitarfélags eða einstakar fjárhagslegar ráðstafanir séu ekki í samræmi við sveitarstjórnarlög eða fjármál sveitarfélags stefni að öðru leyti í óefni.

Eftirlitsnefndin leggur áherslu á það við sveitarstjórn að nauðsynlegt sé að fara vel yfir

fjárhagslegar forsendur sveitarfélagsins til að ná framangreindum lágmarksviðmiðum. Sveitarstjórn er jafnframt hvött til að hafa samband við eftirlitsnefnd óski hún eftir upplýsingum eða leiðbeiningum.

Eftirlitsnefndin óskar eftir að bréfið verði lagt fyrir í sveitarstjórn til afgreiðslu.

Fyrir hönd Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Þórir Ólafsson
formaður

Gústav Aron Gústavsson